



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIÐURSVIÐURKENNING TIL ÞÝÐENDA Á ÍSLENSKUM BÓKMENNTUM

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson afhendir í dag, föstudaginn 8. september, *Orðstír*, heiðursviðurkenningu til þýðenda íslenskra bókmennta. Athöfnin verður á Bessastöðum og hefst kl. 17:00. Að þessari heiðursviðurkenningu standa, auk embættis forseta Íslands, Miðstöð íslenskra bókmennta, Bandalag þýðenda og túlka, Íslandsstofa og Bókmenntahátíð í Reykjavík. Orðstír var fyrst veittur árið 2015.

Meðal gesta við athöfnina í dag verður fjöldi erlendra og innlendra rithöfunda sem tekur þátt í Bókmenntahátíð í Reykjavík sem hófst miðvikudaginn 6. september.

Orðstír er veittur annað hvert ár, einum eða tveimur einstaklingum sem hafa þýtt verk úr íslensku á annað mál með vönduðum hætti og með þeim árangri að aukið hafi hróður íslenskrar menningar á erlendum vettvangi. Hluti af viðurkenningunni er dvalarstyrkur sem er ætlað að auðvelda þýðendum að styrkja tengslin við íslenska menningu.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir athöfnina og þar mun gefast tækifæri til að taka viðtöl við verðlaunahafa og aðra gesti úr hópi rithöfunda.

8. september 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).